

Miðvikudaginn 30. mars 1927.

Nr. 94/1926.

Eigandi Höllustaða (Kalman)
 gegn
eigendum Reykhóla (Enginn).

Frávisun.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 30. ágúst 1924: Landamerkjaskrá Reykhóla frá 18. febrúar 1884, skal að því er Höllustaði snertir standa í gildi, en inn í landamerkjaskrána bætist: Höllustaðir hafa ítak í nefndum austurhelming Heyárdals í hlutfallinu 1—4 til slægna, og önnur afnot dalsins til beitar, miðað við itölu búfjár í haga. — Málskostnaður ákveðst kr. 700,00, er greiðist að hálfu af aðiljum. — Dóminum að fullnægja innan þja sólarhringa frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið tekið fyrir og dæmt í aukarjetti Barðastrandarsýslu, en í eðli sínu er það landamerkjámál og hefir að öðru leyti verið höfðað og rekið samkvæmt lögum um landamerki nr. 41, 28. nóv. 1919, og var dómur kveðinn upp í því 30. ágúst 1924.

Máli þessu hefir tvívegis áður verið skotið til hæstarjettar, en í hvorugt skiftið var mætt í málinu af áfrýjanda hálfu, er það samkvæmt stefnunni átti að koma fyrir rjettinn, og fjell því málið í bæði skiftin niður, í fyrra skiftið með útivistardómi uppkveðnum 23. júní 1925 og í síðara skiftið með útivistardómi uppkveðnum 21. okt. s. á.

Nú hefir máli þessu enn á ný verið skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 20. desbr. 1926 að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 6. s. m.

Svo sem fram hefir verið tekið er mál þetta í eðli sínu landamerkjámál og farið með það í hjerði samkvæmt lögum nr. 41/1919 og í áfrýjunarleyfinu

er það kallað landamerkjámál, en þegar áfrýjunarleyfið var útgefið voru liðin meira en 2 ár frá dómsuppsögn, en með því að svo er fyrir mælt í 15. gr. landamerkjalaganna að ekki megi veita áfrýjunarleyfi eftir að 12 mánuðir eru liðnir frá uppsögn merkjadóms og ákvæði þetta gildir jafnhliða 28. gr. hæstarrjettarlaganna sbr. síðari lið 26. gr. laganna, brast heimild til að veita leyfi til áfrýjunarinnar, og verður því ex officio að vísa máli þessu frá rjettinum.

Þar eð ekki hefir verið mætt í máli þessu af stefndra hálfu fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu visast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. apríl 1927.

Nr. 15/1927. **Rjettvísinn** (Pjetur Magnússon)
gegn

Jóni Hirti Jónssyni (Svb. Jónsson).

Brot skv. 206. sbr. 209. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðarkaupstaðar 11. desbr. 1926: Jón Hjörtur Jónsson, verkamaður til heimilis á Krosseyrarvegi nr. 8 í Hafnarfirði, greiði í ríkissjóð kr. 100,00 í sekt innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi í stað sektarinnar. — Honum ber og að greiða allan af málinu og undanfarandi rannsókn löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 75 krónur til skipaðs talsmanns hans, lögm. Gunnars E. Benediktssonar í Reykjavík.

Loks ber og ákærðum að bæta ökunum Jóhannesi Sveinsyni, til heimilis á Merkur götu nr. 9 í Hafnarfirði, eftir óvilhallra manna mati, upp lækningarkostnað og atvinnumissir, er hann hefir